

STARFSLEYFI

UST202402-280

Urðun á óvirkum úrgangi

Reykjanesbær

Njarðvíkurheiði

Kt: 470794-2169

1 ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Reykjanesbæ, kt. 470794-2169, fyrir móttökustöð, geymslusvæði og urðunarstað fyrir óvirkan úrgang á Njarðvíkurheiði. Urðunarstaðurinn er staðsettur á Njarðvíkurheiði, sunnan Reykjanesbrautar, austan Patterson-svæðisins. Nánar tiltekið 1 km sunnan við Reykjanesbraut og í 1,3 km fjarlægð frá næstu byggð, Innri Njarðvík, sem tilheyrir Reykjanesbæ (landnúmer L220099). Reykjanesbær er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum er hægt að sækja um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum. Verði gerð breyting á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfis- og orkustofnun slíka breytingu.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé fylgt.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að taka á móti og urða að hámarki 15.000 tonn á ári af óvirkum úrgangi sem hefur verið meðhöndlaður og telst tækur á urðunarstaði fyrir óvirkan úrgang, sbr. tl. 2.1 í II. viðauka við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Óheimilt er að urða almennan úrgang, spilliefni, fljótandi úrgang (þurrefnisinnihald undir 20%), hjólbarða, brotajárn, ökutæki eða annan úrgang sem talinn er upp í 8. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

Óheimilt er að geyma úrgang, nema þann sem tilgreindur hefur verið hér að ofan sem og ómengaðan jarðveg sem nýttur er til frágangs, á urðunarstaðnum.

Magni úrgangs sem geymt er á athafnasvæði rekstraraðila skal haldið í lágmarki og skal það aldrei verða svo mikið að hætta skapist.

Móttaka spilliefna og geislavirks úrgangs er bönnuð.

Brennsla úrgangs er bönnuð.

1.3 Eftirlit

Umhverfis- og orkustofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við 65. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tíðni vettvangsheimsókna við eftirlit skal byggt á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit í yfirferð gagna og reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirsæðna. Eftirlitsaðili tekur saman skýrslur um eftirlit. Skýrslan skal vera gerð aðgengileg á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar, á vefsvæði rekstraraðila, eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á sviði starfseminnar er eftirlitsaðila heimilt að beita úrræðum skv. gr. 1.8 og gildandi lögum og reglugerðum.

Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 7/1998 og 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að endurskoða starfsleyfið.

Breytingin skal vera í samræmi við matsskylduákvörðun Skipulagsstofnunar eða álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdar, sbr. lög nr. 111/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlana, ef við á.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum, búnaði og rekstrarsvæði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt. Tilkynna skal eftirlitsaðila með minnst mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi, þannig að taka megji út frágang. Tilkynna skal eftirlitsaðila um að reksturinn hafi verið hafinn að nýju ef hann hefur legið niðri í meira en mánuð.

1.6 Lokun urðunarstaðar

Frágangur urðunarstaðar, eftirlit og mælingar á mengunarefnum eftir að starfsemi urðunarstaðarins lýkur skal vera samkvæmt 23. og 24. gr. reglugerðar nr. 738/2003 og undir yfirumsjón Umhverfis- og orkustofnunar. Frágangur skal vera í samræmi við deiliskipulag og leitast skal við að í endanlegri mynd falli svæðið sem best að landslagi. Grein 3.10 í starfsleyfi þessu skal uppfyllt eftir lokun. Áætlun um endanlegan frágang eftir lokun urðunarstaðarins skal liggja fyrir ekki seinna en tveimur árum áður en starfsemi lýkur.

1.7 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. grein laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Umhverfis- og orkustofnun er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími

Þess er liðinn vegna breyttra forsendna, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, sbr. einnig 14. og 15. gr. laga nr. 7/1998.

Umhverfis- og orkustofnun er skylt, eða eftir atvikum heimilt, að endurskoða starfsleyfið meðal annars í eftirfarandi tilfellum:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningarskylt er sbr. gr. 1.4.
- Ef öryggi við rekstur krefst þess að önnur tækni sé notuð en upphaflega var miðað við í starfsleyfinu.
- Ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins.
- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í leyfinu.
- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis.
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðakröfum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- Ef breyting verður á bestu aðgengilegu tækni (BAT) sem gerir það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggst taka upp hina nýju tækni en rökstyðja annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- Ef mengun af völdum atvinnurekstrarins er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út.
- Ef vöktun leiðir í ljós að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir nærliggjandi vatnshlot á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála nást ekki. Endurskoðun skal tryggja að umhverfismarkmiðum verði náð.
- Ef breyting verður á skipulagi.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. grein 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

Rekstraraðili skal, sé þess óskað af útgefanda starfsleyfis, leggja fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að endurskoða starfsleyfisskilyrðin.

1.8 Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

Rekstraraðili skal uppfylla skyldur þær er koma fram í 40. gr. laga nr. 7/1998. Ef frávik verða skal rekstraraðili tafarlaust upplýsa eftirlitsaðila um það og grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og XIII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, til að knýja fram úrbætur.

Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef úrbótum er ekki sinnt innan tiltekins frests.

Umhverfis- og orkustofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

1.9 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og mengunareftirlit í samræmi við reglugerð nr. 550/2018.

Umhverfis- og orkustofnun birtir eftirlitsniðurstöður skv. greinum 1.3 og 1.8 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti.

1.10 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir skv. lögnum.

Rekstraraðili skal þegar í stað grípa til nauðsynlegra varnarráðstafana vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans. Ef umhverfistjón verður skal rekstraraðili þegar í stað hefja aðgerðir til að takmarka tjón eða afstýra frekara tjóni.

Rekstraraðili skal þegar í stað tilkynna Umhverfis- og orkustofnun um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans og upplýsa um alla þætti sem máli skipta. Jafnframt skal rekstraraðili setja fram og senda Umhverfis- og orkustofnun áætlun um úrbætur vegna umhverfistjóns sem þegar er orðið.

2 STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við reksturinn. Rekstraraðili skal tryggja eins og best verður á kosið með markvissum vinnubrögðum að halda mengun lofts, láðs og lagar í lágmarki og nýta orku vel. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra. Viðhald á mengunarvarnabúnaði skal vera fyrirbyggjandi.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skulu þau endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

Rekstraraðili skal stuðla að endurnýtingu úrgangs eins og kostur er, s.s. með því að koma úrgangi sem berst til endurnýtingar ef slík ráðstöfunarleið er fyrir hendi.

Fara skal þannig með allan úrgang við meðhöndlun að tryggt sé að hann valdi sem minnstum óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ryki eða hávaða.

2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við fulltrúann utan hefðbundins vinnutíma ef þörf krefur. Tilkynna skal Umhverfis- og orkustofnun ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðsupplýsingum.

2.3 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Stjórnandi urðunarstaðar skal hafa nægilega tæknilega færni til að stjórna honum og hann skal hafa hlotið faglega og tæknilega menntun og þjálfun.

Vinna á athafnasvæði skal vera á ábyrgð tilgreinds starfsmanns hverju sinni, sem hefur góða þekkingu á öllum búnaði og starfsreglum rekstrarins. Þessi starfsmaður skal kunna skil á ákvæðum starfsleyfis þessa og þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda.

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á starfsstöðinni.

Aðgangur að athafnasvæðinu skal vera takmarkaður og svæðinu aðgangsstýrt til að hindra ólöglega losun úrgangs. Hlið skulu lokuð og læst nema þegar starfsemi fer fram. Á urðunarstaðnum skal eftirlits- og aðgangskerfi einnig fela í sér aðgerðir sem miða að því að koma upp um og sporna gegn ólöglegri losun á staðnum.

Rekstraraðila er skylt að ganga vel um og skal hann halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Rekstraraðili skal sýna ýrustu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

2.4 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS) eða öðru kerfi sem uppfyllir eðli málsins samkvæmt kröfur um umhverfisstjórnunarkerfi.

2.5 Viðbrögð og tilkynningar vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu og heilsu manna.

Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.6. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað. Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við Neyðarlínuna 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er (á netfangið uos@uos.is). Jafnframt skal viðeigandi heilbrigðisnefnd upplýst um óhappið. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

Eftirlitsaðila er heimilt, ef þörf er á, að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun.

2.6 Viðbragðsáætlun

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.B í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum í starfsstöð og aðgengileg eftirlitsaðila.

2.7 Bráðamengunartrygging

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfis- og orkustofnun metur gilda, að upphæð 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Rekstraraðili skal senda Umhverfis- og orkustofnun staðfestingu á tryggingunni þegar þess er óskað.

2.8 Gjaldtaka fyrir urðun úrgangs

Rekstraraðili urðunarstaðar skal innheimta gjald vegna urðunar úrgangs, sbr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Gjaldið skal nægja fyrir öllum kostnaði við urðun úrgangsins, þar með talið uppsetningu og rekstri viðkomandi urðunarstaðar. Einnig skal gjaldið standa undir áætluðum kostnaði sem fylgir lokun staðarins og nauðsynlegt eftirlit í kjölfar lokunar. Ef rekstraraðili er sveitarfélag eða byggðasamlag skal gjaldið þó aldrei vera hærra en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laga um meðhöndlun úrgangs, s.s. vegna þróunar nýrrar tækni, rannsókna, fræðslu eða kynningarmála.

2.9 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari eða aðrar mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrða sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarpáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megri aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

3 VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og tryggja að starfsemi hans sé rekin í samræmi við meginreglur 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ef fram kemur skilgreining á bestu aðgengilegu tækni (BAT) fyrir urðun úrgangs skal rekstraraðili vinna í samræmi við það, sbr. b-lið sama ákvæðis.

Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færir á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (samþættar mengunarvarnir). Mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa skal haldið í lágmarki og tryggja skal víðtæka umhverfisvernd.

3.2 Móttaka og skráning úrgangs

Móttaka úrgangs til urðunar skal vera í samræmi við viðmiðanir um móttöku úrgangs í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003.

Við móttöku úrgangs til urðunar skal fara fram sjónrænt mat og krefja má úrgangshafa um gögn til að sannreyna að úrgangurinn uppfylli móttökuskilyrði fyrir þann úrgang sem heimilt er að urða, sbr. gr. 1.2 í starfsleyfi þessu. Úrgangi sem ekki samræmist móttökuskilyrðum staðarins skal hafnað og eftirlitsaðila tilkynnt um slíkt án tafar. Rekstraraðila er heimilt að krefja úrgangshafa um gögn til staðfestingar á því að spilliefni séu ekki meðal þess úrgangs sem hann óskar eftir að verði urðaður.

Skrá skal upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003. Skrá skal magn, tegundir, uppruna, dagsetningu, móttöku og ráðstöfun. Gefa skal út kvittun til úrgangshafa fyrir móttöku úrgangs til urðunar.

Nánari leiðbeiningar um viðmiðanir og aðferðir við móttöku úrgangs til urðunar er að finna í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003.

3.3 Spilliefni

Rekstraraðili skal tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem tekið er á móti. Spilliefnum sem kunna að berast rekstraraðila skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku við fyrsta tækifæri.

3.4 Varnir gegn foki úrgangs

Koma skal í veg fyrir fok úrgangsefna frá starfseminni, t.d. með uppsetningu skjólbelta og/eða jarðvegsmana og með því að taka tillit til vindafars hverju sinni við móttöku og meðhöndlun á fokgjörnum úrgangi.

3.5 Hávaði

Rekstraraðili skal leitast við að lágmarka hávaða frá starfseminni og skal uppfylla mörk sem fram koma í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

3.6 Meindýr

Verði vart við meindýr eða vargfugl skal séð til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæði rekstraraðila, að teknu tilliti til laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og laga nr. 55/2013 um velferð dýra.

3.7 Verndun jarðvegs og grunn- og yfirborðsvatns

Koma skal í veg fyrir að vatn geti safnast í úrganginn og skal grunnvatn ekki vera til staðar í urðunarreinum. Beina skal yfirborðsvatni frá urðunarstaðnum.

Til að draga úr mögulegri útskolun mengunarefna yfir í grunnvatn skal botn urðunarreina vera ofan grunnvatnsborðs, eins og það stendur hverju sinni.

Botn og hliðar urðunarstaðarins eru mynduð úr jarðlögum sem fyrir eru á urðunarstaðnum frá náttúrunnar hendi.

Leiði niðurstöður eftirlitsmælinga í ljós mengun í vatn mun útgefandi starfsleyfis fara yfir þær kröfur sem koma fram í þessari grein og skoða hvort ástæða sé til að auka þær.

3.8 Varúðarráðstafanir á urðunarstað

Koma skal úrgangi þannig fyrir að haugurinn og tengd mannvirki verði sem stöðugust, einkum þannig að ekki verði um skrið að ræða sbr. 19. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

3.9 Frágangur urðunarreina

Þekja skal allan úrgang sem getur fokið með jarðvegsþekju sem hindrar fok. Skal þekjulagið vera að lágmarki 15 cm að þykkt.

Óheimilt er að nota þekjuefni sem getur sjálft haft í för með sér fok, ónæði eða ólykt.

Gott skipulag skal vera á urðunarstaðnum og skal halda stærð vinnsluflatar í lágmarki hverju sinni.

3.10 Endanlegur frágangur urðunarreina

Urðunarreinar skulu eftir fyllingu huldar jarðvegslagi eða lagi úr sambærilegu efni sem eftirlitsaðili telur fullnægjandi, a.m.k. 1 m þykku, þannig að regnvatn renni greiðlega af þeim og sig ofan í úrganginn sé lágmarkað. Óheimilt er að nota efni sem getur haft í för með sér fok, ónæði eða ólykt.

4 INNRA EFTIRLIT OG VÖKTUN

4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Rekstraraðili skal skrá upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er:

- Upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti sbr. gr. 3.2.
- Úrgangur sem hafnað er til urðunar, þar með talið magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til viðeigandi móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar, sbr. gr. 3.2 og gr. 3.3.
- Staðan á urðunarstaðnum; svæði undir úrgangi, aðferðir við urðun, hvenær og hversu lengi er urðað og útreikningar á því urðunarrými sem eftir er á staðnum.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim sbr. gr. 2.5.
- Niðurstöður vöktunarmælinga sbr. gr. 4.2.
- Daglegt magn úrkomu á staðnum.
- Daglegt hitastig; lágmark, hámark og kl. 12 á hádegi.
- Dagleg stefna og styrkur ríkjandi vindáttar.
- Loftraki, daglega kl. 12 á hádegi.
- Dagleg uppgufun.

Ef upplýsingar um veðurfar liggja fyrir frá nálægri veðurstöð má styðjast við þær.

4.2 Vöktunarmælingar

Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á grunnvatni skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem kann að berast frá starfseminni. Tekin skulu sýni af vatni þar sem meðalsamsetning er dæmigerð.

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd sýnatöku og mælinga. Upplýsingar um framkvæmd sýnatöku og mælinga skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefni og Umhverfis- og orkustofnun samþykkir.

Rekstraraðili skal vakta grunnvatn samkvæmt eftirfarandi mælingaáætlun:

	Mæli-/sýnatökustaður	Mælipættir	Tíðni
Staða grunnvatns	Mælibrunnar: a) einn sunnan megin við urðunarstaðinn (ofan) b) tveir norðan megin við urðunarstaðinn (neðan)	Hæð grunnvatnsborðs	Annað hvert ár, fyrir 1. okt.
Samsetning grunnvatns	Mælibrunnar: a) einn sunnan megin við urðunarstaðinn (ofan) b) tveir norðan megin við urðunarstaðinn (neðan)	Hitastig, leiðni, pH, súrefnispörf (COD), ammóníum (NH_4^+), níturat (NO_3^-), fosfór (P_{heild}), olía/fita, lífræn halógensambönd (AOX), blý (Pb), kadmíum (Cd), kvikasilfur (Hg), tin (Sn)	Annað hvert ár, fyrir 1. okt.

Staðsetja skal mælibrunna í samráði við útgefanda starfsleyfis.

Varðandi tíðni eftirlitsmælinga og mælipætti er eftirlitsaðila heimilt að breyta tilhöguninni, s.s. ef mat á niðurstöðum úr fyrri mælingum gefur til kynna að óhætt sé að fækka mælingum eða ef fara þarf fram á tíðari mælingar.

4.3 Umhverfismörk

Gæði grunnvatns neðan urðunarstaðarins skal meta út frá samsetningu grunnvatns ofan hans og taka mið af gæðakröfum og viðmiðunargildum tilgreindum í kafla 2 í III. viðauka reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og efni á lista I og II í reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns. Grunnvatnið er í afmörkuðu grunnvatnshloti með vatnshlotanúmerið 104-115-1-G og nefnist Rosmhvalanes 1 skv. flokkun laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Eftirlitsaðili mun í reglubundnu eftirliti með starfseminni fylgjast með þessum þáttum í samræmi við gildandi verklagsreglur um framkvæmd eftirlits.

Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfis- og orkustofnun um sérhver skaðleg áhrif á umhverfið sem teljast veruleg og koma í ljós við eftirlit og vöktun, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

4.4 Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit skráninga og senda eftirlitsaðila, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Rekstraraðili skal senda Umhverfis- og orkustofnun upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. gr. 3.2, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003. Umhverfis- og orkustofnun getur fallist á annað fyrirkomulag á þessum skilum, óski rekstraraðili þess. Rekstraraðila er heimilt að vísa til skýrslu um umhverfisupplýsingar ef þar er að finna ofangreinda samantekt.

4.5 Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfis- og orkustofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni sbr. 34. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með rafrænum hætti fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár.

Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfis- og orkustofnunar.

Heimilt er að skila upplýsingunum sameiginlega auk ársyfirlits sbr. gr. 4.4. Skilafrestir framlengjast þó ekki við það.

5 FLOKKUN STARFSEMI OG GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi fellur undir d-lið 8. tl. viðauka II laga nr. 7/1998 og d-lið 8. tl. viðauka IX. reglugerðar nr. 550/2018. Rekstraraðili greiðir Umhverfis- og orkustofnun gjald vegna útgáfu starfsleyfisins, eftirlits og beitingu þvingunarúrræða skv. gjaldskrá Umhverfis- og orkustofnunar.

6 GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs og reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs, sbr. lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, öðlast þegar gildi og gildir til 30. janúar 2041.

Starfsemin er ekki heimil án starfsleyfis og rekstraraðila ber að sækja tímanlega um endurnýjun á starfsleyfi ef halda á rekstrinum áfram þegar gildistími leyfisins rennur út.

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfis- og orkustofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Reykjavík, 30. janúar 2025

Umhverfis- og orkustofnun

Gestur Pétursson
forstjóri

Edda S. Freysteinsdóttir
sérfræðingur

VIÐAUKI

Yfirlit yfir skil:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðin skil tilgreind:

- Í gr. 1.6 er kveðið á um að rekstraraðili skuli vera með áætlun um endanlegan frágang eftir lokun urðunarstaðarins sem skal liggja fyrir ekki seinna en tveimur árum áður en starfsemi lýkur.
- Í gr. 2.1 er kveðið á um að rekstraraðili skuli setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og þau endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti.
- Í gr. 4.4 er kveðið á um að senda skuli eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert.
- Í gr. 4.4 er kveðið á um að senda skuli Umhverfis- og orkustofnun upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. gr. 3.2, fyrir 1. maí ár hvert.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.

FYLGISKJAL 1

Greinargerð vegna útgáfu starfsleyfis fyrir Reykjanesbæ, fyrir móttökustöð, geymslusvæði og urðunarstað fyrir óvirkan úrgang á Njarðvíkurheiði.

1. Almenn

Reykjanesbær, kt. 470794-2169, sótti um nýtt starfsleyfi þann 15. febrúar 2024 fyrir móttökustöð, geymslusvæði og urðunarstað fyrir óvirkan úrgang á Njarðvíkurheiði. Áætlað er að urðuð verði 15.000 tonn af óvirkum úrgangi á ári og að í heildina verði hægt að urða u.þ.b. 230.000 m³ af óvirkum úrgangi innan urðunarstaðarins.

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 og 8. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018, á tímabilinu 16. desember 2024 til og með 20. janúar 2025. Auglýsingin var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar þann 16. desember 2024 en einnig þann 8. janúar sl. á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar. Heimilt var að gera athugasemdir við tillöguna á auglýsingatíma. Tilkynning um opinbera auglýsingu var send til rekstraraðila, Reykjanesbæjar, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja og VSÓ Ráðgjafar sem hefur séð um upplýsingagjöf varðandi vinnslu á starfsleyfinu og samskipti við rekstraraðila. Tilkynningin var send sama dag og auglýsingin var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun var lögð niður 31. desember 2024. Þann 1. janúar 2025 tók Umhverfis- og orkustofnun til starfa en leyfi þetta er veitt af Umhverfis- og orkustofnun en hún tekur við verkefnum, réttindum og skyldum, eignum og skuldbindingum Orkustofnunar og þess hluta af starfsemi Umhverfisstofnunar er lýtur að umhverfis- og loftslagsmálum, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 110/2024 um Umhverfis- og orkustofnun.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Þann 13. desember 2023 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá VSÓ Ráðgjöf, f.h. Reykjanesbæjar, varðandi móttöku, geymslu og urðun á óvirkum úrgangi á Njarðvíkurheiði, skv. 19. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 11.03 í 1. viðauka laganna. Álit Skipulagsstofnunar lá fyrir þann 31. janúar 2024. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var að fyrirhuguð framkvæmd væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem eru tilgreind í 2. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og væri því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun veitti umsögn varðandi matsskyldufyrirspurn Skipulagsstofnunar þann 12. janúar 2024 þar sem kom fram að mat stofnunarinnar væri það að framkvæmdin komi ekki til með að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og væri því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Því er Umhverfis- og orkustofnun sammála niðurstöðu Skipulagsstofnunar.

3. Skipulag

Fyrirhuguð starfsemi er í samræmi við Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2020-2035 og í gildi er deiliskipulag sem nær yfir efnislosunarsvæðið.

4. Afstaða til botnþéttingar og söfnunar á sigvatni eða hauggasi á urðunarstaðnum

Starfsleyfið gerir ekki kröfu um tilbúinn jarðfræðilegan tálma, botnþéttingu, hriplag eða söfnun sigvatns undan urðunarstaðnum. Botn og hliðar urðunarstaðarins eru mynduð úr jarðlögum sem fyrir eru á urðunarstaðnum frá náttúrunnar hendi.

Samkvæmt framangreindu er því dregið úr kröfum sem settar eru fram í tl. 3.2 og 3.3 í viðauka I við reglugerð nr. 738/2003, enda hefur rekstraraðili lagt fram áhættumat og sýnt fram á að jarðvegi og grunn- og yfirborðsvatni stafi ekki hættu af urðun við þessar aðstæður, þó að sigvatni verði ekki safnað, sbr. 25. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

Starfsleyfið veitir ekki heimild til urðunar á lífbrjótanlegum úrgangi og því er ekki gerð krafa um söfnun hauggass og eftirlit með hauggasi, sbr. 4. tl. viðauka I reglugerðar nr. 738/2003.

4. Áhrif á vatn

Í 22. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir að um vöktun vatns vegna atvinnurekstrar sem getur haft í för með sér mengun fer samkvæmt ákvæðum starfsleyfis. Urðunarstaðurinn er staðsettur á Njarðvíkurheiði (landnúmer L220099) og er því innan grunnvatnshlotsins *Rosmhvalanes 1* (104-115-1-G). Í umsögn Umhverfisstofnunar, þann 12. janúar 2024, við matsskyldufyrirspurn Skipulagsstofnunar varðandi fyrirhugaðan urðunarstað benti stofnunin á að gera þyrfti mat á áhrifum framkvæmdarinnar á gæðapætti í grunnvatnshlotum og hvort framkvæmdin gæti leitt til þess að grunnvatnshlotið *Rosmhvalanes 1* nái ekki umhverfismarkmiðum um gott efnafræðilegt ástand og góða magnstöðu. Þann 15. febrúar 2024 barst Umhverfisstofnun áður nefnt áhrifamat. Umhverfis- og orkustofnun hefur farið yfir mat rekstraraðila á áhrifum á vatnshlotið og gerir ekki athugasemdir við fyririggjandi mat. Í gr. 4.2 í starfsleyfinu er farið fram á að rekstraraðili vakti gæði grunnvatns skv. mælingaáætlun. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og ástandi þeirra má ekki hnigna, hvorki tímabundið né varanlega.

5. Athugasemdir við auglýsta tillögu

Engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar á auglýsingatíma.

6. Breytingar frá auglýstri tillögu

Síðan leyfið var auglýst hefur Umhverfisstofnun verið lögð niður og Umhverfis- og orkustofnun tekið til starfa og því hefur starfsleyfinu verið breytt í samræmi við það, þ.m.t. var netfanginu í gr. 2.5 breytt úr ust@ust.is í uos@uos.is.

Eftirfarandi setning: „Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.“ Var tekin út úr gr. 1.9.

Ekki hafa verið gerðar efnislegar breytingar frá auglýstri tillögu aðrar en lagfæringar á stafsetningu og orðalagi.

7. Gildistaka

Stofnunin hefur tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir Reykjanesbæ, fyrir móttökustöð, geymslusvæði og urðunarstað fyrir óvirkan úrgang á Njarðvíkurheiði. Umhverfis- og orkustofnun sendir starfsleyfið til rekstraraðila eftir ákvörðun um útgáfu og undirskrift.